

Reykjavík 21. mars 2022

## Atvinnuveganefnd Alþingis

Stefán Vagn Stefánsson formaður

Efni: Umsögn Landssambands smábátæigenda (LS) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, með síðari breytingum (tilhögun strandveiða). [59. mál.](#)

Frumvarpið gerir ráð fyrir að aflétta dagatakmrörkunum við strandveiðar, í stað fjögurra daga í viku hverri [mánudaga – fimmtudaga].

Í greinargerð með frumvarpinu er réttilega bent á að árin 2018 og 2019 hafi strandveiðibátum ekki tekist að veiða allt það aflamagn sem þeim var áætlað. Af þeim sökum hefðu verðmæti tapast og er breytingunni ætlað að koma í veg fyrir það.

Að lokinni strandveiði næstu árin 2020 og 2021 var þessu öfugt farið. Þrátt fyrir að bætt hefði verið við áætlaðan afla sem ætlað var til strandveiða dugði það ekki til. Strandveiðar voru stöðvaðar 19. ágúst árið 2020 og 18. ágúst í fyrra.

Í samþykkt LS um strandveiðar 2021 er þess krafist að löqfestir verði að lágmarki 48 dagar til strandveiða.

Þar sem ekki er enn búið að tryggja 48 daga til veiðanna, telur LS frumvarpið ótímabært.

  
Arthur Bogason formaður

Virðingarfyllt

  
Örn Pálsson framkvæmdastjóri